



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. febrúar 2019

|   |
|---|
| <p>Breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og<br/>reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna</p> |
|---|

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ, 31. janúar sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla, annars vegar, og reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna, hins vegar.

Breytingartillaga á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af dómaranefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein 5.

Breytingartillaga á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af dómaranefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein 5.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

---

## Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla

### 5. LEIKREGLUR

#### Fyrir samþykktar breytingar:

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

#### Eftir samþykktar breytingar:

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á.

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

# Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

## 5. LEIKREGLUR

### Fyrir samþykktar breytingar:

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

### Eftir samþykktar breytingar:

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á.

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

---

### Samantekt

Um er að ræða tillögu að breytingu sem unnin var af dómaranefnd KSÍ eftir yfirferð nefndarinnar á núgildandi reglugerðum um Deildarbikarkeppni KSÍ. Samkvæmt knattspyrnulögunum ber dómara að stöðva leik þegar knöttur fer í þak knattspyrnuhúsa og láta knöttinn falla sem næst þeim stað sem knötturinn fer í þakið. Með því að hafa sér ákvæði í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og kvenna, líkt og verið hefur undanfarin ár, er misræmi í leikreglum á milli deildarbikarsins og annarra móta, þ.e. Íslandsmóta og bikarkeppna. Þessi breyting gerir það að verkum að samræmi er á milli leikreglna að þessu leyti í öllum mótum.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.